

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 30. nóvember 2012 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð, Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson og Björk Þorsteinsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Þórunn Egilsdóttir var í fjarfundasambandi.

Gestir fundarins voru Eiríkur Benónýsson sérfræðingur hjá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri á skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FJÁRAUKALÖG 2012

Fram kom að fjárukalög ársins 2012 lægju nú fyrir og gert væri ráð fyrir að fjárheimild hvað lögbundin framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðar hækki um 141 m.kr. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 460.182 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 897.900 m.kr. árið 2012 vegna tekna ársins 2011. Með tilvísun til þessa nemur lögbundið framlag frá ríki af 2,12% hlutdeild sjóðsins í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs 9.756 m.kr. og hækkar því um 151 m.kr. Hlutdeild sjóðsins í 0,264% af álagningarstofni útsvars fyrir næstliðið tekjuár lækkar hins vegar um 10 m.kr. Samtals nemur því hækkinin hvað lögbundnu framlögin varðar 141 m.kr. eins og áður segir. Greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið endurskoðuð með tilliti til þessa.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2012

Endurskoðun

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2012 á grundvelli fjárlaga og fjárukalaga fyrir árið 2012.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 12.1257 m.kr. Sérstök viðbótarframlög frá ríki nema samtals 2.865 m.kr. Þar af nemur framlag vegna samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 1.668 m.kr., framlög í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra samtals 847 m.kr. og sérstakt aukaframlag í Jöfnunarsjóð 350 m.kr. Tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans eru áætlaðar 7.018 m.kr. og tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra eru áætlaðar 9.129 m.kr. Framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna eflingar tónlistarnáms nema 520 m.kr. Áætlaðar vaxtatekjur sjóðsins nema 96 m.kr. Áætlaðar tekjur sjóðsins nema því samtals 31.755 m.kr. Að viðbættum óhöfnum framlögum frá árinu 2011 nemur ráðstöfunarfjármagns sjóðsins samtals 32.394 m. kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar nema bundin framlög eftir endurskoðun áætlunarinnar 1.439 m.kr. að teknu tilliti til lækkunar á framlagi til Innheimtustofnunar sveitarfélaga um 100 m.kr. Sérstök framlög nema 6.681 m.kr. að teknu tilliti til lækkunar á framlagi vegna fjárhagserfiðleika um 100 m.kr. Jöfnunarframlög nema samtals 6.250 m.kr. að teknu tillit til 300 m.kr. hækunar á útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins. Framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar eru áætluð samtals 6.965 m.kr. og framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 10.061 m.kr. Aukaframlag vegna sérstakra fjárhagserfiðleika sveitarfélaga nema 350 m.kr. og framlag til eflingar tónlistarnámi 520 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 100 m.kr. og óráðstafað er 28 m.kr. Samtals nema áætluð gjöld því 32.394 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA

Sandgerðisbær

Lagt var fram til kynningar bréf til Sandgerðisbæjar, dags. 19. nóvember 2012, sem sent var í kjölfar fundar ráðgjafarnefndar 24. október sl. með fulltrúum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um málefni Sandgerðisbæjar.

Á fundinum nú gerði Eiríkur Benónýsson, starfsmaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, grein fyrir málefnum Sandgerðisbæjar og stöðu mála hvað fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélagsins varðar.

Fram kom á fundinum að heildarskuldir og skuldbindingar Sandgerðisbæjar í árslok 2011 næmu 5.235 m.kr. en nettó skuldir að teknu tilliti til peningalegra eigna voru um 3.866 m.kr. eða sem nemur um 286% af heildartekjum. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 7 m.kr. og því skilaði rekstur sveitarfélagsins engu til greiðslu afborgana lána. Sandgerðisbær hefur á árinu 2012 unnið að hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins sem hefur skilað árangri og samhliða er unnið að aðlögunaráætlun til allt að 10 ára. Fram kom að vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu væri ekki lokið. Eftirlitsnefndin hefði óskað eftir ítarlegum upplýsingum frá Sandgerðisbæ varðandi fjárhagslega stöðu þess sem nú hefðu borist nefndinni og verið væri að vinna úr þeim. Þar til þeirri úrvinnslu væri lokið gæti nefndin ekki gefið umbeðna umsögn sína til Jöfnunarsjóðs í tengslum við beiðni sveitarfélagsins um úthlutun framlags úr sjóðnum að fjárhæð allt að 200 m.kr. í tengslum við fjárhagserfiðleika þess.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að ítrekað væri við Sandgerðisbæ það sem fram hefði komið í niðurlagi bréfs Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins 19. nóvember sl. um að ráðgjafarnefndin sæi sér ekki fært að taka erindi sveitarfélagsins, þar sem óskað væri aðkomu sjóðsins að fjárhagslegri endurskipulagningu þess, til afgreiðslu fyrr en vinna þar að lútandi væri lengra á veg komin og ítarlegri upplýsingar um stöðu mála lægju fyrir hjá sjóðnum ásamt umbeðinni umsögn eftirlitsnefndarinnar.

Sveitarfélög almennt

Þeir Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri og Eiríkur Benónýsson gerðu grein fyrir minnisblaði til innanríkisráðherra frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um fjárhagsvanda sveitarfélaga almennt. Í yfirferð þeirra kom m.a. fram að með samþykkt nýrra sveitarstjórnarlaga sem tóku gildi 1. janúar 2012, hafi verið mörkuð skýr stefna í fjármálum sveitarfélaga. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir mat á aðlögunaráætlunum einstakra sveitarfélaga, er ljóst að einhver þeirra munu eiga erfitt verk fyrir höndum að standast skulda- og/eða jafnvægisreglu laganna á næstu 10 árum. Tekjustofnar margra af smærri sveitarfélögum eru einhæfari en þeirra stærri og því skiptir hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga meira máli þegar fjármál þessara sveitarfélaga eru skoðuð. Skuldug sveitarfélög þurfa ekki að vera með mesta fjárhagslega vandann, sum sveitarfélög eiga örðugt um vik þegar kemur að jafnvægi í rekstri. Því er ljóst að þróun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næstu árum mun vega þungt í rekstri margra sveitarfélaga og mikilvægt sé að sjóðurinn sé áfram fjármagnaður þannig að hann geti áfram stuðlað að jöfnun tekna eins og verið hefur undanfarin ár og í því sambandi er íbúaþróun lykilatriði.

Ræddar voru mögulegar aðgerðir til fjárhagslegrar aðstoðar við einstök sveitarfélög að teknu tilliti til mismunandi vanda þeirra. Fram kom að mögulegar aðgerðir þyrftu bæði að vera almennar og sértækar en vandaðar fjárhagsáætlanir sveitarfélaga væru grunnur að mögulegri hagræðingu og betri rekstri sveitarfélaga.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélagið Álftanes og Garðabær

Lagt var fram til kynningar minnisblað til ráðherra, dags. 28. nóvember 2012. Þar kemur fram að í kjölfar undirritunar ráðuneytisins á staðfestingu um sameiningu Sveitarfélagsins Álftanes og Garðabæjar muni koma til greiðslu framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð 633,1

m.kr. sem áður hafa verið samþykkt af ráðherra á grundvelli tillagna ráðgjafarnefndar. Um er að ræða framlög vegna sameiningar sveitarfélaga samtals að fjárhæð 307,8 m.kr., framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga að fjárhæð 285 m.kr. og innborgun inn á aukaframlag ársins að fjárhæð 41 m.kr. Greiðslurnar munu fara fram að höfðu samráði við fjárhaldsstjórn Sveitarfélagsins Álftaness.

Tillaga að áætlun um úthlutun framlaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætlun um úthlutun framlaga á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga næmi samtals um 95,2 m.kr. á árinu 2013. Um er að ræða framlög vegna sameininga sveitarfélaga sem hafa tekið gildi á árunum 2009 til 2013.

ALMENNAR HÚSALEIGUBÆTUR

Aðlögun að greiðslu húsnæðisbóta

Fram kom að verið væri að vinna að samræmdu kerfi húsnæðisbóta leigu- og eignamegin á húsnæðismarkaði. Aðlögun að kerfinu mun hefjast á árinu 2013 með breytingu á reglugerð um húsaleigubætur nr. 118/2003.

Breyting á reglugerð nr. 118/2003

Breytingar sem gerðar verða á reglugerðinni á árinu 2013 eru gerðar til skamms tíma og snerta tekjuskerðingarmörk, tekjuskerðingarhlutfall og grunnfjárhæð kerfisins. Breytingarnar voru lagðar fram til kynningar á fundinum ásamt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi. Kostnaðarauki sem verður til við breytingarnar á árinu 2013 verður að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði og nemur 1.000 m.kr.

Framkvæmd hjá Jöfnunarsjóði

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lauk upplýsingaöflun sinni um áætlaðar greiðslur sveitarfélaga á almennum og sérstökum húsaleigubótum á árinu 2013 fyrir lok október og gaf út áætlun um greiðsluhlutfall sjóðsins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu. Greiðsluhlutfallið hvað almennu húsaleigubæturnar varðar er áætlað 53% en 60% vegna sérstöku húsaleigubótanna.

Við gildistöku framangreindra breytinga á reglugerð nr. 118/2003 mun verða þörf á að endurtaka upplýsingaöflunina vegna ársins 2013.

VATNSVEITUFAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM

Framkvæmdir á árinu 2012

Á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000. Lagt var fram til kynningar á fundinum erindi frá Bændasamtökum Íslands, dags. 26. nóvember 2012. Með erindinu fylgdi yfirlit yfir umsóknir þær sem borist höfðu til samtakanna vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á árinu 2012.

Í erindi Bændasamtakanna kemur fram að verið sé að gera úttektir á þeim framkvæmdum sem gengu eftir á árinu 2012 en sýnt sé að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga, að hámarki 25 m.kr á ári, verði fullnýtt á árinu 2013 vegna framkvæmda á árinu 2012. Hámarksframlag tekur mið af 44% kostnaði við framkvæmdina.

Í ársbyrjun mun Jöfnunarsjóði berast formleg beiðni frá Bændasamtökunum um greiðslu framlaga vegna þeirra vatnsveitufamkvæmda sem gengu eftir á árinu 2012 og mun Jöfnunarsjóður inna greiðsluna af hendi eigi síðar en 15. febrúar nk. sbr. ákvæði í reglugerð nr. 973/2000.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta

Tillögugerð að úthlutun eftirstöðva ráðstöfunarfjármagns

Til ráðstöfunar í samstarfsverkefnin eru 25 m.kr. Þar af hafa nú þegar 12 m.kr. komið til greiðslu vegna sérfræðivinnu er tengjast verkefnum eða 1,5 m.kr. á hver samtök.

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október sl. lagði nefndin til að við úthlutun eftirstöðva framlagsins að fjárhæð 13 m.kr. væri tekið mið af landfræðilegum aðstæðum, þ.e. samgöngum og vegalengdum innan hvers svæðis og til höfuðborgarinnar vegna ferða fulltrúa samtakanna á boðaða fundi þar í tengslum við samstarfsverkefnin. Ráðgjafarnefnd óskaði eftir að lögð yrði fram tillaga að úthlutun eftirstöðva framlagsins á næsta fundi nefndarinnar.

Með tilvísun til þessa var lögð fram tillaga að úthlutun framlags að fjárhæð 13 m.kr. þar sem viðmiðin eru eftirfarandi:

- Varið skal 6 m.kr. hlutfallslega vegna stærðar svæðis í km² undir 200 m. yfir sjávarmáli.
- Varið skal 7 m.kr. eftir vægi vegalengdar og flugsamgangna til Reykjavíkur sem hér segir:
 - Vægi 0 = Stuttar vegalengdir.
 - Vægi 1 = Fjöldi kílómetra til Reykjavíkur innan við 200 km. báðar leiðir.
 - Vægi 3 = Fjöldi kílómetra fleiri en 200 km. báðar leiðir.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að greitt væri framlag til landshlutasamtakanna að fjárhæð 13 m.kr. samkvæmt framlagðri tillögu. Framlagið kemur til greiðslu í desember.

Fjallabyggð

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs 24. október sl. var lagt fram til umfjöllunar erindi Fjallabyggðar dags. 17. október 2012. Í erindinu er óskað eftir framlagi á grundvelli sérstakra verkefna, sbr. f-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, vegna þróunar og hagræðingar í rekstri og þjónustu á vegum Fjallabyggðar hvað grunnskólann varðar. Um er að ræða sameiningu grunnskólastofnana og viðbyggingu húsnæðis vegna grunnskóla í Ólafsfirði og á Siglufirði.

Á fundinum var samþykkt að taka erindið til frekari skoðunar og var afgreiðslu þess frestað til fundarins 30. nóvember.

Í umfjöllun um erindið á fundinum nú kom fram það mat ráðgjafarnefndar að erindið félli ekki undir heimildir í f-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 hvað framlög til sérstakra verkefna varðar. Jafnframt kom fram í umfjöllun nefndarinnar að heimild Jöfnunarsjóðs á grundvelli reglna, nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga hvað aðkomu að nauðsynlegum framkvæmdum við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu varðar hafi verið í 5 ár frá gildistöku sameiningarinnar og hafi því runnið út í árslokin 2010. Rétt þykir einnig að benda á að á árunum 2006 – 2010 hafi Fjallabyggð fengið sérstakt framlag til þróunar og endurskipulagningar þjónustu og stjórnslu í nýju sveitarfélagi að fjárhæð um 182 m.kr. Þar af væri framlag vegna viðbyggingar leikskólans í Ólafsfirði að fjárhæð um 22 m.kr.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindi Fjallabyggðar yrði hafnað.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Ráðstöfunarfjármagn

Vísað er til þess sem hér að framan greinir um endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins hvað varðar hækkun á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins í kjölfar hækkunar á lögbundnum framlögum frá ríki fyrir árið 2012 á grundvelli fjárukalaga 2012. Með tilvísun til þess, lægri fjárþarfar, en áætlað var, vegna Innheimtustofnunar sveitarfélaga og framlaga vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutun útgjalda jöfnunarframlaga sjóðsins yrði hækkuð úr

4.700 m.kr. í 5.000 m.kr. og verður gengið út frá þeirri fjárhæð við uppgjör framlaganna sem fer fram fyrir áramótin.

Vinnureglur vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Lögð voru fram til kynningar drög að breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli B - hluta 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drögin að breytingum á vinnureglunum yrðu unnin frekar fyrir næsta fund nefndarinnar.

BARNAVERNDARSTOFA

Vistunarnemendur

Erindi höfðu borist frá Barnaverndarstofu, dags. 11. og 20. nóvember 2012, þar sem óskað er eftir endurgreiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna kostnaðar stofnunarinnar í tengslum við kennslu og sérkennslu þeirra nemenda sem vistaðir eru utan lögheimilissveitarfélags af stofnuninni og stunda þar grunnskólanám. Um er að ræða kostnað vegna vor- og haustannar 2010 að fjárhæð 6.420.802 kr., vor- og haustannar 2011 að fjárhæð 13.021.873 kr. og vorannar 2012 að fjárhæð 8.394.617 kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að verða við óskum Barnaverndarstofu um framangreindar greiðslur en óskaði eftir því að ítrekað væri að stofnunin skilaði árlega inn beiðni um endurgreiðslu á framangreindum kostnaði sem Jöfnunarsjóður innheimti síðan af framlögum til viðkomandi lögheimilis barnanna.

ÖNNUR FRAMLÖG

Íþyngjandi kostnaður við rekstur grunnskóla 2011

Mýrdalshreppur

Lagt var fram til kynningar erindi Mýrdalshrepps, dag. 13. nóvember 2012, þar sem óskað er eftir framlagi á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2011 umfram þær tekjur sem sveitarfélagið hafði á árinu af framlögum úr Jöfnunarsjóði og af hækkuðu útsvari vegna yfirfærslu grunnskólans.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindið væri tekið til umfjöllunar og afgreiðslu þegar endanlegur útsvarsstofn sveitarfélagsins vegna ársins 2011 lægi fyrir.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Beiðni um styrk til þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. október 2012. Í erindinu er óskað eftir framlagi til þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi. Á árinu 2013 kæmi framlag að fjárhæð 5.222.506 kr. til greiðslu en framlag að fjárhæð 6.462.484 kr. á árinu 2014.

Verkefnið er sjálfstætt framhald tilraunaverkefnis um ytra mat á skólastarfi sem stóð yfir á árunum 2011 og 2012 með aðkomu Jöfnunarsjóðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Einnig er nú gert ráð fyrir að heildarkostnaður við þróunarverkefnið skiptist á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs þannig að ráðuneytið kosti miðlægan matsaðila í fullu starfi hjá Námsmatsstofnun sem hafi ábyrgð á utanumhaldi og framgangi verkefnisins. Framlag Jöfnunarsjóðs tekur hins vegar mið af kostnaði vegna matsaðila heima í héraði sem sveitarfélag eða skóli velur.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga yrði samþykkt og er framlaginu úthlutað á grundvelli 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2001, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Samningur verður gerður um framkvæmd verkefnisins og samstarfsaðilum gerð skriflega grein fyrir framvindu verkefnisins ársfjórðungslega.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

Þróun tekna af staðgreiðslu

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlað tekjustreymi á árinu 2012 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Upplýsingar um staðgreiðsluskil í desember lágu ekki fyrir en samkvæmt yfirlitinu er áætlað að þau nemi 784,2 m.kr.

Hvað fyrirframgreiðslu Jöfnunarsjóðs á almennum framlögum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra í janúar 2011 varðar þá átti lausn vandans að vera sem hér segir: Sveitarfélögin tóku á sig um 1/3 hluta fyrirframgreiðslunnar eða 225 m.kr. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs kom inn með framlag að fjárhæð 233,8 m.kr. og gert var ráð fyrir að afgangurinn eða um 209,5 m.kr. kæmi úr ríkissjóði sem ekki hefur enn náðst samkomulag um.

Fram kom að vegna fyrstu 11 mánaða ársins 2012 vanti um 125 m.kr. til að áætlun um innheimtu á 0,95% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslunnar standist. Talið var líklegt að staðgreiðsluskilin í desember myndu ekki brúa það bil.

Með tilvísun til þessa var þess farið á leit við ráðgjafarnefndina að hún heimilaði að 75 m.kr. af þeim 225 m.kr. sem höfðu verið innheimtar af framlögum til sveitarfélaganna vegna vandans frá því í janúar 2011 yrðu settar aftur inn í jöfnunina til að brúa að hluta til þann mismun sem myndast hefði milli áætlunarinnar um staðgreiðsluskil og raunverulegra tekna Jöfnunarsjóðs af 0,95% hlutdeild í útsvarsstofninum á árinu 2012. Inneign Jöfnunarsjóðs hjá sveitarfélögunum um næstu áramót vegna þessa væri því 75 m.kr., sem kæmu þá til lækkunar á úthlutun almenna framlagsins á árinu 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Ráðgjafarnefnd samþykkti framangreinda málaleitan.

LENGD VIÐVERA FATLAÐRA GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLANEMA

Tillaga að úthlutun framlaga vegna ársins 2012

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir fjölda fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema á vor- og haustönn 2012 sem lagður er til grundvallar að útreikningi og tillögu að úthlutun framlaga vegna lengdrar viðveru á vor- og haustönn 2012.

Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 89 m.kr. á árinu 2012 og er gert ráð fyrir að 70 m.kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 19 m.kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að tillaga að útreikningi og úthlutun framlaga, samtals að fjárhæð 89 m.kr. vegna ársins 2012 væri tekin til greina.

ÖNNUR MÁL

Aukaframlag

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir úthlutun aukaframlags frá árinu 2006 til 2011 og skiptingu og þróun framlagsins til einstakra sveitarfélaga og landshluta.

Á fjárlögum ársins 2012 fær Jöfnunarsjóður aukaframlag á árinu að fjárhæð 350 m.kr. Innanríkisráðherra setur reglur um ráðstöfun framlagsins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fyrir liggur að helmingur framlagsins eða 175 m.kr. muni renna til Sveitarfélagsins Álftaness sem einn þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins.

Ráðgjafarnefndin óskaði eftir því að á fundi nefndarinnar í desember lægi fyrir tillaga að skiptingu helmings framlagsins eða 175 m.kr. á grundvelli sömu reglna og innbyrðis hlutfalla á milli viðmiða og giltu við úthlutun aukaframlags á árinu 2011.

Árlegur fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Farið var yfir dagskrá og fyrirkomulag fundarins sem haldinn var síðdegis þann sama dag.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:45.

Áætlað er að næsti fundur ráðgjafarnefndar verði 17. desember nk. og verður boðað sérstaklega til fundarins.

Halldór V. Kristjánsson